

Nr. 22-070-S-049 Maggý VE 108***Skipverji slasast þegar snurvoðartóg slitnar***

Skipaskr.nr. 1855
Útgerð: Narfi ehf.
Smíðaður: Gdansk Póllandi 1988 stál
Stærð: 113 BT
Mesta lengd: 25,95 m Skráð lengd: 23,18 m
Breidd: 6,00 m Dýpt: 3,00 m
Vél: Caterpillar 459 kW 1987
Fjöldi skipverja: 7



Maggý ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd 31. október 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. september 2022 var Maggý VE 108 á dragnótaveiðum í Reykjanesröstinni. Veður: V gola, stórstreymt.

Dragnótin festist í botni og voru tveir skipverjar að athuga hvernig snurvoðartógið lægi til þess að hægt væri að snúa og losa dragnótina. Þegar skipverjarnir voru á leið inn í stýrishúsið slitnaði snurvoðartógið með þeim afleiðingum að það skaust í gegnum togblökk og í bakið á öðrum þeirra.

Við rannsókn kom fram:

- Fjarlægð frá togblökk og að þeim stað þar sem skipverjinn var þegar tógið slitnaði voru sex metrar (sjá mynd 1).
- Snurvoðartógið var nýlegt og að sögn skipstjóra var það tekið um borð um síðustu áramót en lítið sást á því.
- Ein leið er inn í stýrishúsið stb-megin en þar liggur snurvoðartógið frá vindum og aftur eftir skipi (sjá mynd 2).



Mynd 1



Mynd 2 leið snurvoðartógs

- Skipverjarnir tveir gengu hver á eftir öðrum og taldi slasaði allar líkur á að hann hafi tekið höggið af þeim sem á undan fór.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekar rannsóknar.